

## REGLUGERÐ

um (38.) breytingu á reglugerð nr. 580/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 110. tölul., svohljóðandi:

110. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2677 frá 8. október 2024 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Bandaríkin í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerðin sem nefnd er í 1. gr. er birt á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 55/2024.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um matvæli nr. 93/1995, lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 1. nóvember 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Svava Pétursdóttir.*